

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágreinnis nr. 151, 14. mars 1977 með síðari breytingum.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá hitaveitunnar er öðlist þegar gildi:

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 254,52 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 162,83.
- b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 18,97 á mánuði og kr. 90,36 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra kr. 0,77 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ að utanmáli, kr. 11 367,97. Hús 300 m³ til 2000 m³ að utanmáli, kr. 11 397,07 fyrir 300 m³ og kr. 8,40 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli, kr. 25 647,07 fyrir 2000 m³ og kr. 6,99 á hvern rúmmetra þar yfir. Stofngjald fyrir aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 1 427,51.

Heimædagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m² skal greiða kr. 11 367,07. Gróðurhús stærra en 200 m² skal greiða kr. 11 397,07 fyrir 200 m² og kr. 18,35 fyrir hvern fermetra umfram 200 m².

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar okt. til des. 1982 sem er 1331 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 176,88 í hvert skipti.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskránni nr. 611, 4. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.